

Veiðifélag Laxdæla

Aðalfundur

5. apríl 2024

Fundur haldinn í Veiðihúsinu Þrándargili kl 20:00

Fundinn sátu: F.h. Fjósa Einar Jón Geirsson, f.h. Hrappsstaða Svavar Jensson, f.h. Spágilsstaða Gísli Þórðarson, f.h. Goddastaða Sigmundur Sigmundsson, f.h. Lambastaða Einar Kristjánsson, f.h. Sámsstaða 1,2 og 3 Jón Steinar Eyjólfsson, f.h. Pálssels Ólafur Sveinsson, f.h. Svarfhóls Harald Óskar Haraldson, f.h. Engihlíð Pálmi Jóhannsson, f.h. Leiðólfsstaða Bjarni Hermannsson, f.h. Hornstaða Ólafur Sveinsson, f.h. Höskuldsstaða Harald Óskar Haraldsson, f.h. Sauðhúsa Jón Egilsson, f.h. Hjarðarholts Björk Baldursdóttir, f.h. Grafar Katarínus Jónsson, f.h. Ás Sæmundur Jóhannsson, f.h. Saura Jófríður Benediktsdótti, f.h. Sólheima 1 Valdimar Einarsson, fyrir Sólheima 2 Valdimar Einarsson, f.h. Svalhöfða Elsa Gísladóttir og f.h. Hamra Gunnar Ingi Gunnarsson. Alls 23 atkv gild á fundi.

1. Setning fundar

Ólafur Sveinsson bíður félagsmenn velkomna og setur aðalfund veiðifélagsins 2024.

2. Skipun fundarstjóri og fundarritara

Tillaga að Sveinn Gestsson stjórnaði fundi sem var samþykkt samhljóða. Tillaga að ritara Pálmi Jóhannsson sem var samþykkt samhljóða. Kjörbréf yfirfarin og samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

Ólafur Sveinsson formaður tekur til máls.

Góðir fundarmenn!

Ég flyt hér skýrslu stjórnar um starfsemi Veiðifélags Laxdæla frá síðasta aðalfundi.

Starfsemi VL hefur að mestu verið í hefðbundnum farvegi. Haldið var áfram með framkvæmdir á veiðihúsinu, en unnið var að endurbótum á starfsmannaðstöðu og kjallara. Eftir er frágangur á nokkrum stöðum og verður þeim lokið þegar veður leifir. Einhverjar frágangsframkvæmdir verða utanhúss, til stendur að lagfæra gangstéttir og annað slíkt. Almennt skynjum við mikla ánægju með þær breytingar sem gerðar hafa verið á aðstöðu veiðimanna og vísa ég þar bæði til leigutakans og veiðimanna sem

KJ
JBE PT
Gunnar AS

hafa tjáð sig um breytingarnar.

Í skýrslu stjórnar í fyrra var sagt að heildarkostnaður væri áætlaður 150 mkr, en skv. bókhaldi er heildarkostnaður við endurbætur kominn í 172 mkr. Þessi frávik skýrast með verðhækkunum og eins og alltaf er þegar gert er við gömul hús, sem lítið viðhald hefur verið á, kemur eitthvað uppá sem raskar kostnaðaráætlunum.

Síðastliðið sumar veiddust 645 laxar í Laxá og samkvæmt veiðivefnum angling.is, þetta er 116 löxum færra en árið áður og þýðir 107 veidda laxa á stöng eða 20 löxum færra á stöng en árið áður. Í þessu samhengi má nefna að meðaltalsveiði í Laxá árin 1974 – 2022 eru 1000 laxar á ári. Óvenju mikill og langur þurkakafli var á vatnasvæði Laxár í fyrra og ég held ég geti sagt að menn muna ekki annað eins. Breytingar og sveiflur hafa verið í veiðitölum síðustu ár um allt land til hins verra og til eru þeir aðilar sem segja að hafa þurfi áhyggjur af norðuratlandshafslaxastofninum. Við þetta bætist síðan gestagangur óvelkominna gesta í áнна og á ég þar við hnúðlaxa sem komu í nokkrum mæli og „patreksfirðingana“ sem ég kalla svo, en hvoru tveggja er viðbótarógn við breyttar aðstæður í hafinu.

Bregðast þurfti við báðum þessum uppákomum með ýmsum hætti, 37 hnúðlaxar voru fangaðir í ánni og 14 patreksfirðingar, því til viðbótar náðust 4 patreksfirðingar með köfurunum sem komu frá Noregi.

Ég vil fyrir hönd Veiðifélagsins þakka þeim aðilum sem lögðu þessum aðgerðum lið og þá sérstaklega Skildi Orra Skjaldarsyni og Jóni Egilssyni fyrir þeirra framgöngu í þessum verkefnum.

Þessi ógn er komin til að vera. Með stroki eldislaxa úr Patreksfirði raungerðist það sem varað hefur verið við og ekki hefur verið hlustað á aðvaranir fiskifræðinga og annarra fagaðila á þessu sviði.

Það er mat margra að besta vörnin gegn strokufiskum sé að koma upp vöktun fiskistofna í Laxá með því að koma upp myndavélateljara í neðarlega í Laxá. Stjórn hefur látið frumhanna slíkt mannvirki og liggja nokkur eintök af þeirri hönnun hér frammi sem ég hvet ykkur til að kynna ykkur.

Þetta er töluvert mannvirki og að sjálfsögðu umtalsverður stofnkostnaður en skv. áætlun er heildarkostnaður með teljara, undirbúningi og hönnun um 50 mkr. Leitað hefur verið eftir styrkjum í þetta verkefni, annars vegar til Fiskræktarsjóðs og hins vegar til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis. Ekki liggja fyrir niðurstöður þessara umsókna, en það er alveg ljóst að ekki verður ráðist í þessa framkvæmd nema að til komi fjármögnun nánast að öllu leiti í þessa

Kæð
Jóni PT
Jóni OS.

framkvæmd og svo að sjálfsögðu verða landeigendur að samþykkja framkvæmdina ef til kemur. Landeigendur verða upplýstir um framvindu þessara mála, þegar niðurstaða umsókna liggur fyrir.

Veiðitölurnar, endurbætur og lagfæring á veiðihúsi ásamt áframhaldandi gerð og viðhald veiðistaða er mikilvægur þáttur í því að gera Laxá í Dölum áfram að einni eftirsóttustu laxveiðiá landsins, sem er forsenda þess að hámarka arð til landeiganda. Þeir sérfræðingar á þessu sviði sem rætt er við, eru sammála um að Laxá hafi alla burði til að vera á topp tíu lista laxveiðiáa á Íslandi.

Rekstur félagsins var í samræmi við áætlanir á síðastliðnu ári, þó þannig að fjármagnskostnaður er meira íþyngjandi en gert var ráð fyrir þegar ákveðið var að ráðast í endurbætur á húsinu og þær kostnaðarmeiri eins og getið var um hér áður. Farið verður yfir rekstur félagsins hér á eftir.

Haldið verður áfram við þróa veiðistaði og lagfæra eldri í samráði við landeigendur og fiskifræðinga. Þessi vinna er gríðarlega mikilvæg í að halda Laxá í efstu sætum yfir laxveiði í landinu og mættu landeigendur sýna meira frumkvæði og vera í sambandi við stjórnarmenn um hver afstaða þeirra er í þessu verkefni fyrir sínu landi.

Ágætu landeigendur eins og þið vitið var lokið við nýja arðskrá og hún var birt í stjórnartíðindum 12. janúar síðastliðnum og tók þá gildi. Kostnaður við gerð hennar var um 9,7 mkr. Því til viðbótar hafa verið greiddar umtalsverðar upphæðir í botnrannsóknir og mælingu á bakkalengdum á ánni.

Hér á eftir undir liðnum önnur mál mun Gunnar Örn Pedersen framkvæmdastjóri Landsambands veiðifélaga vera með erindi um afleiðingar sjókvíaeldis á villta laxastofna, ekki veitir af að vekja athygli á þessari ógn sem af þessari starfsemi stafar við þá hagsmuni landeigenda sem sjókvíaeldi er.

Ágætir félagsmenn höldum áfram að styrkja og bæta ánnu, takk fyrir.

4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar og umræða um þá.

Jón Steinar fer yfir ársreikningana 2023 og eru þeir samþykktir samhljóða. fundamanna á

5. Rekstraráætlun

Jón Steinar tekur til máls, rekstraráætlun fyrir 2024, sem dreift var til fundarmanna yfirfarin.

Borið til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Kæð
BE PT
Jón Steinar 10.5.

6. Staða framkvæmda

Það var farið yfir þau mál í skýrslu stjórnar. Samþykkt samhljóða.

7. Kosningar

Úr stjórn á að ganga Pálmi Jóhannsson. Hann gefa kost á sér áfram og er það samþykkt samhljóða. Kostning varamanns Katarínus Jón Jónsson mun gefa kost á sér áfram og er það samþykkt samhljóða.

Kosning skoðunarmanna tillaga af Sæmundi Jóhannssyni og Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir sem aðal skoðunarmenn og er það samþykkt samhljóða og Skúla Einarsyni sem varamanni samþykkt.




Jón Egilsson kosinn fulltrúi á fund Landssambands Veiðifélaga samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.



Gunnar Örn Pedersen framkvæmdastjóri Landsambands veiðifélaga var með erindi um afleiðingar sjókvíaeldis á villta laxastofna, ekki veitir af að vekja athygli á þessari ógn sem af þessari starfsemi stafar við þá hagsmuni landeigenda sem sjókvíaeldi er. Svólitlar umræður sköpuðust um þetta alvarlega mál.

Fleira ekki gert Ólafur Sveinsson slítur fundi.

Stjórn Veiðifélags Laxdæla


Ólafur Sveinsson

Jón Steinar Eyjólfsson

Pálmi Jóhannsson

Harald Óskar Haraldson


Jón Egilsson

Katarínus J. Jónsson